

Skeiða- og Gnúpverjahreppur  
Haraldur Þór Jónsson, sveitarstjóri  
Árnesi  
804 Selfoss

Reykjavík, 20. júní 2023  
Tilvísun: 202306082 / 3.0

## Efni: Tilkynning um frestun á ákvörðun um landnotkun vegna Búrfellslundar

Vísað er til erindis Skeiða- og Gnúpverjahrepps dags. 8. júní 2023 þar sem sveitarstjórn óskar eftir heimild Skipulagsstofnunar til að fresta landnotkun vegna fyrirhugaðs Búrfellslundar í allt að 10 ár samkvæmt 7. gr. laga um verndar- og orkunýtingaráætlun nr. 48/2011. Sveitarstjórn samþykkti að fara fram á frestunina á fundi þann 7. júní 2023.

Skipulagsstofnun bendir á að í 2. mgr. 7. gr. framangreindra laga kemur fram að *sveitarstjórn er heimilt að fresta ákvörðun um landnotkun samkvæmt verndar- og orkunýtingaráætlun í allt að tíu ár og skal tilkynna slíka ákvörðun til Skipulagsstofnunar innan árs frá samþykkt verndar- og orkunýtingaráætlunar. Skal meðan fresturinn stendur fara með þann kost eins og kosti í biðflokki. Að fresti liðnum skal skipulag viðkomandi svæðis samræmt þágildandi verndar- og orkunýtingaráætlun.* Samkvæmt þessum ákvæðum er ljóst að löggjafinn hefur ekki falið Skipulagsstofnun það hlutverk að heimila frestun á landnotkun í allt að tíu ár. Öðru máli gegnir vilji sveitarstjórn fresta að hámarki til þriggja ára í viðbót ákvörðun um landnotkun en þá getur sveitarstjórn óskað eftir heimild Skipulagsstofnunar til þess, sbr. orðalag 4. málslíðar 2. mgr. 7. gr.

Með hliðsjón af framangreindu lýtur Skipulagsstofnun svo á að erindi Skeiða- og Gnúpverjahrepps feli í sér tilkynningu til stofnunarinnar um þá ákvörðun sveitarstjórnar frá 7. júní sl. að fresta ákvörðun um landnotkun vegna Búrfellslundar í allt að 10 ár. Stofnunin minnir á að í framhaldi af ákvörðun sveitarstjórnar þarf að vinna breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins þar sem skilgreint verði varúðarsvæði á áhrifasvæði Búrfellslundar innan marka sveitarfélagsins sbr. ákvæði í gr. 4.3.1 í skipulagsreglugerð nr. 90/2013, n-liður.

Guðrún Lára Sveinsdóttir

